

Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3
301 Akranesi

Garðabær, 23. júní 2025
202505-0171/A.B.
08.02

Efni: Umsögn – Breyting á deiliskipulagi - Hótel Glymur / Saubæjarland Heimar L172883 Hvalfjarðarsveit.

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Hótel Glym á Saubæjarlandi Heimum, sem barst Náttúruverndarstofnun 30. maí 2025. Í breytingunni felst m.a. ný viðbygging við hótél, nýtt starfsmannahús, 17 ný smáhýsi, göngustígar og viðbætt bílastæði. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er birkiskógur innan skipulagssvæðisins.

Samantekt með áhersluatriðum

Stofnunin leggur áherslu á að við mótun skipulagsins verði eftirfarandi atriði sérstaklega skoðuð:

- Gerð verði kortlagning og mat á umfangi birkiskógar innan skipulagssvæðis, sem og hvort hann falli undir verndarákvæði náttúruverndarlaga.
- Farið verði fram mat á áhrifum framkvæmdarinnar á vistgerðir og fuglalíf, þar á meðal skógarvistgerðir sem kunna að falla Bernarsamningnum.
- Gert verði grein fyrir mótvægisáðgerðum til að draga úr áhrifum á náttúru og ásýnd, sérstaklega vegna fjölgunar byggingareita, bílastæða og nýrra göngustíga.
- Gert verði mat á sjónrænum áhrifum breytingarinnar og tekið tillit til ákvæða 69. gr. náttúruverndarlaga um byggingar og mannvirki í landslagi.
- Frágangur fráveitna verði sérstaklega skoðaður með hliðsjón af vatnsvernd og áhrifum á jarðveg og gróður.

Birkiskógar

Náttúruverndarstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er m.a. að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er þar skilgreindur sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsáнар, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Auk þess er skilgreining birkiskógar samkvæmt flokkun vistgerða sú að birki (*Betula pubescens*) sé ríkjandi tegund og trén nái a.m.k. 1,5–2 m hæð að jafnaði. Lægra birki flokkast sem birkikjarr, sem getur þó einnig fallið undir vistgerðir með verndargildi.

Slíkar vistgerðir geta fallið undir sérstaka vernd samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga, en það er hlutverk Lands og skógar að skilgreina þá.

Í kjarrskógavist er ríkulegt fuglalíf þar sem algengustu varpfuglar eru skógarpröstur (*Turdus iliacus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), rjúpa (*Lagopus mutus*) og músarrindill (*Troglodytes troglodytes*). Stofnar þessara tegunda eru sterkir um þessar mundir en rjúpnastofninn sveiflast mikið á milli ára.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er því mikilvægt að það sé gert mat á umfangi, ástandi og flokkun birkiskógarins og hvort hann falli undir vistgerðir með verndargildi samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Þá þurfa að liggja fyrir mótvægisáðgerðir ef til röskunar kemur, sér í lagi ef mikið fuglalíf er á svæðinu.

Sjónræn áhrif og landslag

Í tillögunni er gert ráð fyrir fjölgun smáhýsa, viðbyggingu við hótél og fjölgun bílastæða, sem getur haft áhrif á ásýnd svæðisins og upplifun af náttúrulegu yfirbragði þess. Þetta á sérstaklega við þar sem svæðið er hluti af ferðamannaleið og stendur í hlíðum ofan Hvalfjarðar með mikið sjónrænt vægi.

Samkvæmt 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að:

„Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

Að mati Náttúruverndarstofnunar þarf að leggja mat á sjónræn áhrif framkvæmdanna og huga sérstaklega að landmótun, efnistöfum og frágangi til að draga úr neikvæðum áhrifum. Einnig þarf að tryggja að mannvirki falli sem best að svipmóti lands í samræmi við fyrrgreind ákvæði.

Fráveita og náttúruvernd

Í tillögunni kemur fram að nýjar rotprær verði settar upp fyrir viðbyggingu, starfsmannahús og smáhýsi. Þótt fram komi að fráveita verði í samræmi við heilbrigðis- og mengunarvarnarreglur, þarf að gera greinargott mat á mögulegum áhrifum á nærumhverfi, t.d. á gróður, jarðveg eða vatn. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að við skipulag og frágang fráveitna sé gætt fyllstu varkárni.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Fróði Guðmundur Jónsson

sérfræðingur